

Foreldrafélagsfundur 29. september 2009 kl: 18:00

Mætt voru: Linda, Júlíus, Ester, Signý.

- Bréf til foreldra: var sent í mentor dagsett 24. september, þar sem greint var frá því að innheimtuseðlar munu koma á heimabanka og hvatning til foreldra að skrá sig sem bekkjarfulltrúa / foreldrafulltrúa.
- Bekkarfulltrúar: Ester kom eyðublaði áleiðis. Búið er að koma því til umsjónarkennara og geta foreldrar skráð sig í foreldraviðtali 1. okt n.k. Linda skrifar nokkur hvatningar orð sem eiga að fara á heimasíðuna.
- Forvarnadagurinn er 30. september og munu þá 9. bekkur svara spurningum um líðan o.fl. Júlíus mun fara fyrir hönd FFM og aðstoða við framkvæmd þess. (Rut verður varamaður). Linda lét hann fá upplýsingar um skipulagið sem hún fékk frá Steinari aðstoðarskólustjóra.
- Félagsgjöld: Júlíus er búinn að ganga frá framkvæmd þess. Hins vegar hafa þau ekki enn sést á heimabankanum og mun Júlíus ath það.
- Fleiri í stjórn: Stjórnarmenn hafa áhuga á að fá fleiri í stjórnina og þá helst föður barns við skólann. Júlíus er með nokkra í huga og ætlar að ath það.
- Starfsdagur FFGIR: hann verður 13. október. Undirrituð var beðin að afla upplýsinga um fyrirlestra og var það lagt fyrir fundinn. Hugmynd að fá fyrirlestur frá Erlingi í Lundi. Skólustjóri var búinn að nefna að skólamaður hafði hug á að kynna starfsseminu fyrir foreldrum og mun það vera komið áfram til FFGIR.
- Bekkarfulltrúarnámskeið: á vegum FFGIR 8. október.
- Bekkarfulltrúar: þar sem ofangreint námskeið verður í boði var ákveðið að stjórn muni hitta bekkjarfulltrúa / foreldrafulltrúa 27. okt kl: 20:00-21:00. Seinka þeim fundi sem ákveðinn var á síðasta fundi.
- Handbók á netinu: það þarf að uppfæra hana og munu stjórnarmenn gera það og bera síðan saman bækur sínar.
- Jólafundur: dagsetning síðasta fundar var samþykkt, þ.e. 3. desember.
- Hugmyndir fyrir bekkjarfulltrúa: Stjórnarmenn komu með eftirfarandi hugmyndir og á svo að setja þær á heimasíðu FFM. Þetta er ekki tæmandi listi.
 1. fjörheimar,
 2. innanhússleiksvæðið á Ásbrú (hægt að nálgast lykla hjá Kadeco), gönguferð um Svartsengi og fara í bláa lónið,
 3. skautahöllin,
 4. leikir í íþróttahúsi skólans,
 5. spila bingó,
 6. mála á píparkökur,
 7. feluleikur í myrkrinu á Nónvörðuhæð,

8. leikir í skróðgarðinum,
9. Sólbrekkuskógur,
10. Skessuhellir og leikir, ratleikur,
11. skoða minnismarki bæjarins,
12. brennó / fótboltaleikur á skólalóð,
13. sundferð,
14. hittast í frístundarsalnum,
15. börn í bíó – foreldrar á kaffihús,
16. þegar börnin bjóða bekknum í afmæli sitt þá býður foreldri afmælisbarnsins hinum foreldrum í kaffisopa.

Næsti fundur 27. október kl: 19:00-20:00 þ.e. klukkutíma á undan bekkjarfulltrúar / foreldrafulltrúar fundinum.

Fundi slitið kl: 19:10.

Linda Birgisdóttir.